

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 283/1977 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinnsson.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugleiðum hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 1. október 1979 til 31. desember 1984:

1. Reykjavík — Patreksfjörður — Reykjavík
2. Reykjavík — Þingeyri — Reykjavík
3. Reykjavík — Ísafjörður — Reykjavík
4. Reykjavík — Sauðárkrókur — Reykjavík
5. Reykjavík — Akureyri — Reykjavík
6. Reykjavík — Húsavík — Reykjavík
7. Reykjavík — Raufarhöfn — Reykjavík
8. Reykjavík — Þórshöfn — Reykjavík
9. Reykjavík — Egilsstaðir — Reykjavík
10. Reykjavík — Neskaupstaður — Reykjavík
11. Reykjavík — Hornafjörður — Reykjavík
12. Reykjavík — Fagurhólsmýri — Reykjavík
13. Reykjavík — Vestmannaeyjar — Reykjavík
14. Akureyri — Egilsstaðir — Akureyri
15. Akureyri — Ísafjörður — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til reksturs áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Patreksfjörður — Ísafjörður — Patreksfjörður
2. Þingeyri — Ísafjörður — Þingeyri
3. Sauðárkrókur — Húsavík — Sauðárkrókur
4. Akureyri — Húsavík — Akureyri
5. Egilsstaðir — Hornafjörður — Egilsstaðir
6. Hornafjörður — Fagurhólsmýri — Hornafjörður.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.